

Þann 31. maí 2001 var gefin út auglýsing um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga nr. 414/2001, sem miðar meðal annars að því að hægt sé að safna samræmdum upplýsingum um fjármál sveitarfélaganna. Í 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram að þrátt fyrir ákvæði auglýsingarinnar eru sveitarfélögin ekki bundin af þeim númeralykli sem hér er tilgreindur en samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (þáverandi: félagsmálaráðuneytið) og aðrir opinberir aðilar munu nota hann í úrvinnslu sinni á reikningsskilum sveitarfélaga.

Í ofangreindri auglýsingu, er þjónusta við fatlaða skilgreind sem nr. 5 og flokkuð sem rekstrareining undir málaflokk 02, sem er félagsþjónusta. Aðrar kröfur hafa ekki verið settar fram 02-5x-xxx.

Það er þó skoðun reikningsskila- og upplýsinganefndar að æskilegt sé að nota eftirfarandi deildalykla. Frekari notkun og/sundurliðun er frjáls innan ramma 02-5x-xxx:

02-5	Þjónusta við fatlaða
02-51	Sameiginlegir liðir
02-52	Liðveisla
02-53	Félagsleg heimaþjónusta
02-54	Ferðaþjónusta fatlaðra
02-56	Búseta
02-57	Skammtímvistun fyrir fatlaða
02-58	Dagþjónusta fyrir fatlaða
02-59	Önnur þjónusta við fatlaða (td. framlag til byggðasamlaga)